

# STJÓRNARTÍÐINDI B 93 – 1996

30. desember 1996

1733

Nr. 689

## TILKYNNING

### nr. 2/1996 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Samkeppnisstofnun hefur á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara ákveðið eftirfarandi flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum frá og með 1. janúar 1997 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,90 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,75 kr. á kg
flugvélabensín	0,05 kr. á lítra
flugsteinolía (þotuelsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara.

*Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 30. desember 1996.*

**Georg Ólafsson.**

*Gunnar G. Þorsteinsson.*

30. desember 1996

Nr. 690

## REGLUGERÐ

### um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. janúar 1997 að telja um 2% frá því sem þær voru í nóvember 1996.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. desember 1996.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

B 123

Gutenberg

**Endurprentað blað.**